



Framhaldsskólinn á Húsavík

# Húslestur

9. tbl. 15. árg.

Miðvikudagur 12. okt. 2005

Ritstj. og ábm.: Björgvin R. Leifsson

Vefslóð: <http://www.fsh.is> - þjónusta – Áfangastjóri

Netfang: [brl@fsh.is](mailto:brl@fsh.is)

## Skráning í samræmd stúdentspróf

Athygli stúdentsefna er vakin á því að skráningu í samræmd stúdentspróf **lýkur laugardaginn 15. október!** Stúdentsefni þurfa að taka 2 samræmd próf af 3. Best er fyrir nemendur félagsfræðibrautar að taka samræmd próf í íslensku og ensku en fyrir nemendur náttúrufræðibrautar að taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði. **Skráning í prófið fer fram gegnum nemendavef Innu.** Sjá einnig <http://www.namsmat.is>  
Framhaldsskólar – skráning í próf og á vef FSH (þjónusta – Áfangastjóri)

## Fjarvistir

Þá liggja fyrir niðurstöður úr annarri fjarvistatalningu á þessari önn. Þær tölur sem eru á blöðunum ykkar sýna stöðuna eins og hún var eftir síðusta föstudag. Merkingar:

Efsta línan sýnir heildarmætingu. M = mættur, F = fjarvist, G = fjarvist úr 40 mín. tíma (t.d. í ípróttum). Frádráttarliðir eru t.d. L (leyfi) og V (veikindi). A = töfluárekstur.

Að gefnu tilefni skal bent á að nemendur hafa ákveðið *svigrúm* samkvæmt mætingarreglum. Þetta svigrúm geta þeir nýtt ef þeir þurfa nauðsynlega að bregða sér frá í stuttan tíma. Ekki eru veitt sérstök leyfi vegna þessa.

**Athugið að þeir nemendur sem nú eru komnir niður fyrir 95.5% í heildarmætingu munu með sama áframhaldi fara niður fyrir 90% mætingarskylduna áður en að prófum kemur.** Þessir nemendur, eða forráðamenn þeirra ef þeir hafa ekki náð 18 ára aldri, munu fá sent bréf um stöðu mála frá skólayfirvöldum.

Ef fram koma áfangar á fjarvistablöðunum sem nemendur eru ekki í eru þeir vinsamlegast beðnir að koma þeim upplýsingum til áfangastjóra til leiðréttingar (senda má tölvupóst á [brl@fsh.is](mailto:brl@fsh.is)).

Telji einhverjir sig með of mörg stig skulu þeir snúa sér til viðkomandi kennara. Ef kennarinn og nemandinn eru sammála um oftalningu/mistalningu stiga mun kennarinn biðja áfangastjóra um leiðréttingu.

Umreikniformúla fjarvistastiga:

$$100 - (100 - \text{Innuprósentu}) * 32 / 72$$

Umreiknitafla: Sjá [www.fsh.is](http://www.fsh.is) - þjónusta – Áfangastjóri - Fjarvistakerfið  
Innan við 10 nemendur eru núna undir hættumörkum!

## Drög að próftöflu haustannar 2005

Meðfylgjandi eru drög að próftöflu haustannar 2005. Athugasemdum óskast komið á framfæri við áfangastjóra í síðasta lagi 18. nóvember. Athugið vel hvort allir ykkar áfangar séu inni í próftöflunni og hvort þið séuð í fleiri en einu prófi á sama tíma. Einhverjir nemendur eru væntanlega í tveimur prófum sama dag, þ.e. kl. 8:30 og 13:00. Ólíklegt er að því verði hægt að breyta.

## Frá námsráðgjafa

### ERTU AÐ GLÍMA VIÐ LESBLINDU EÐA PRÓFKVÍÐA?

Athygli er vakin á því að skólanum er unnt að koma til móts við ýmsar séróskir og þarfir nemenda við fyrirlögn prófa. Þeir nemendur er t.a.m. hafa sértæka námsörðugleika, svo sem lesblindu, geta óskað eftir prófi þar sem prófformið byggir á hlustun. Nemendur sem glíma við kvíða og/eða fælni geta að uppfylltum vissum skilyrðum fengið að þreyta próf í fámennum stofum. Til þess að unnt sé að koma þessu í kring er brýnt að nemendur hafi samband við námsráðgjafa með góðum fyrirvara fyrir próf, eða sem fyrst.

## Auglýsing frá LÍN um jöfnunarstyrki

hangir frammi á auglýsingatöflu. Umsóknarfrestur er til 15. október.

## Námsáætlanir

Nú ættu allir að vera langt komnir með námsáætlun og fá hana yfirfarna hjá umsjónarkennara. Hana notið þið ykkur til aðstoðar við:

## Val fyrir vorönn 2006

Listi yfir áfanga í boði er á [www.fsh.is](http://www.fsh.is) - námið –Áfangar. Öll gögn og upplýsingar sem þið þurfið fyrir val og námsáætlanagerð eru á fsh.is (sjá einnig síðasta Húslestur). Þeir sem kunna ferlið geta valið sjálfir en aðrir biðja umsjónarkennara að aðstoða sig. **Námsáætlanagerð og vali fyrir vorönn 2006 skal vera lokið í síðasta lagi í næstu umsjón, 2. nóvember.** Ætlast er til að þetta sé gert í Innu en þeir sem af einhverjum orsökum geta það ekki skili valblaði til umsjónarkennara.

**Nemendur á stúdentsbrautum, sem velja sér kjörsvið núna verða að láta umsjónarkennara vita eða senda áfangastjóra upplýsingar á [brl@fsh.is](mailto:brl@fsh.is)**

**ATHUGIÐ!** Ef þið skilið ekki vali á réttum tíma er óvíst að gerð verði stundatafla fyrir ykkur fyrir næstu önn. **Lokað verður fyrir val og námsáætlanagerð í Innu eftir umsjón 2. nóvember.**

Sérstök athygli er vakin á því að nú er hægt að gera námsáætlun í Innu margar annir fram í tímann. Það flýttir fyrir vali seinna meir.

## Drög að próftöflu haustannar 2005

| Kl    | Mið<br>30.11                  | Fim 1.12.                  | Fös 2.12.                       | Þri 6.12.                                      | Mið 7.12.                  | Fim<br>8.12.                                   | Fös 9.12.                            | Mán<br>12.12.                                  | Þri<br>13.12.                                  | Mið<br>14.12.              | Fim<br>15.12.              | Fös<br>16.12.                        |
|-------|-------------------------------|----------------------------|---------------------------------|--|----------------------------|--|--------------------------------------|--|--|----------------------------|----------------------------|--------------------------------------|
| 8:30  | Samræmt próf í íslensku kl. 9 | Samræmt próf í ensku kl. 9 | Samræmt próf í stærðfræði kl. 9 | DAN103<br>ENS102<br>STÆ122<br>EFN313<br>FÉL193 | NÁT123<br>SAG303<br>STÆ102 | ENS103<br>LAN103<br>LÍF203<br>NÁT103<br>SAG103 | ENS303<br>ÍSL103<br>SÁL303<br>STÆ193 | DAN102<br>ENS503<br>ÍSL303<br>NÆR103<br>ÍSL193 | BÓK103<br>EFN303<br>ÍSL102<br>STÆ303<br>ÞÝS103 | ENS212<br>FÉL103<br>STÆ103 | DAN212<br>ÍSL212<br>STÆ313 | EÐL303<br>FÉL303<br>ÍSL403<br>SAG203 |
| 13:00 |                               |                            |                                 | HJÚ503   | ÞÝS303                     |  | SÁL103<br>JAR103                     | STÆ503<br>REK103                               | SJÚ203   | ÍSL503                     |                            |                                      |

Athugasemdir við próftöflu berist til áfangastjóra í síðasta lagi föstudaginn 18. nóvember. Athugið sérstaklega hvort þið eruð í árekstrum.

### Prófreglur:

1. Nemendur komi stundvíslega í öll próf.
2. Fjarvist úr prófi jafngildir falli í áfanganum.
3. Próftími er að jafnaði ein og hálf klukkustund, kennarar láta vita af hugsanlegum frávikum.
4. Nemendum er óheimilt að hafa með sér yfirhafnir og skólatöskur/plastpoka á prófstað.
5. Nemendum er óheimilt að fara af prófstað fyrr en klukkustund eftir að próftaka hefist.
6. Kennurum er óheimilt að gefa nemendum upp einkunnir fyrirfram.
7. Einkunnaafhending og prófsýning verður mánudaginn 20. desember kl. 14:00
8. Veikindi skal staðfesta með læknisvottorði innan þriggja daga frá próftökudegi
9. Sjúkra- og endurtektarpróf verða haldin 19. desember